

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skál hundinum komið fyrir sé um að ræða minni háttar brot í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða itrekuð brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahalds.

Bæjarstjórn er heimilt hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 7. mars 1975.

Jón Ingimarsson.

F. h. r.

Þórunn Klemenzdóttir.

7. mars 1975.

Nr. 90.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breyttu skipulagi í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. mars 1975 staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi í Reykjavík að því er varðar eftirfarandi:

1. Deiliskipulag reits milli Hofsvallagötu, Ægisíðu, Kaplaskjólsvogar og Hagamels.
2. Breytt skipulag á svæði milli Bæjarháls og Vesturlandsvegar, austan Höfðabakka, sem áður var skipulagt sem útivistarsvæði, en er nú skipulagt sem iðnaðarsvæði. Uppdrættir þessir hafa hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hafa verið samþykktir af borgarstjórn Reykjavíkur og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 7. mars 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

28. febrúar 1975.

Nr. 91.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennslið að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 39.36 fyrir hvern rúmmetra vatns. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

a. Fyrir mæla allt að $\frac{3}{4}$ "	kr. 341.10
b. Fyrir mæla allt að 1-2"	— 765.30
c. Fyrir mæla allt að 3"	— 1.530.50

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál) m ³	Heimæðagjald
Allt að 400	109 310.00 kr.
400 — 2000	109 310.00 — fyrir 400 m ³ + 87.50 kr/m ³ þar yfir
2000 — 6000	249 230.00 — — 2000 — + 74.50 — — —
6000 — 10000	546 557.00 — — 6000 — + 65.70 — — —
Meira en 10000	808 906.00 — — 10000 — + 57.00 — — —

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstöðum mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 13 118.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfresi allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokum og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur, kr. 588.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjálts aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. mars 1975, sbr. augl. nr. 48 28. febrúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 261 17. sept. 1974.

Iðnaðarráðuneytið 28. febrúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

SAMÞYKKT

um hundahald á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Hundahald er bannað á Seltjarnarnesi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötluðu fólki, samkvæmt læknisráði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita þeim Seltirningum, sem nú halda hunda, undanþágu til hundahalds meðan dýrið lifir, með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu fógeta fyrir 1. apríl 1975 og þar fái eigandi hundsins afhenta merktá plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal greiða í bæjarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem bæjarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í bænum og skal upphæðin við það miðuð. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrir fram árlega.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds, skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.